

Náttúrufræðigreinar 7. - 8. bekkur

Nemendur fá 3 kennslustundir á viku í náttúrufræði.

Kennari: Victoria Reinholdsdóttir

Námsefni: Lífheimurinn

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávik er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Hæfniviðmið:

Hæfniviðmið fyrir náttúrufræði eru sett fram í tveimum flokkum; hæfniviðmið um vinnulag og hæfniviðmið um viðfangsefni.

Hæfniviðmið um vinnulag:

Að nemendur geta:

- Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúruvísindum við athuganir, í umræðu og textaskrifum.
- Lesið náttúruvísindatexta sér til gagns og endursagt með eigin orðum, túlkað myndrit og skoðað myndefni um náttúrufræði, umorðað og nýtt til útskýringa.
- Framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá einföldum athugunum og mælingum úti og inni samkvæmt fyrirmælum.
- Kynnt niðurstöður rannsókna, útskýrt hvaða vinnubrögðum hafa verið beitt og tekið þátt í umræðum um efnið.
- Þekki ferli vísindalegra vinnubragða og getur unnið eftir þeim í stýrðum verkefnum.
- Getur rætt muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi.
- Getur rætt valin dæmi um samspil tækni, þekkingar og framfara og hvernig hugmyndir manna um heiminn hafa breyst með aukinni þekkingu.

Hæfniviðmið um viðfangsefni:

Að nemendur geta:

- Geta lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrlegu umhverfi.
- Átta sig á að frumur eru grunneining alls lífs á jörðinni.
- Geta nefnt dæmi um gagn og skaðsemi örvera
- Skilja að lífverur erfa einkenni forfæðra sinna.
- Geta sagt frá einkennum helstu hópa dýra

- Geta útskýrt helstu einkenni og lífsskilyrði lífvera og tekið dæmi um tengsl þeirra innbyrðis.
- Geta gefið dæmi um náttúruval og aðlögun.
- Geta sagt frá hvernig plöntur nota ljóstillífun til að afla næringar.
- Geta sagt frá rotverum og hvernig sveppir afla næringar.
- Geta rætt hvernig einstaklingur getur stuðlað að líkamlegu og andlegu heilbrigði.
- Geta lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gera sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.

Skipulag kennslunnar:

Áhersla verður lögð á að læra gegnum umræður og samræður. Nemendur þjálfast í að tjá skoðanir sínar á skýran og rökstuddan hátt. Mikilvægt er að þeir nái fullum skilningi á þeirri orðræðu sem notuð er í náttúrufræði og læri að nota hana á réttan hátt. Í eðlisfræði gerum við einfaldar athuganir og tilraunir sem staðfesta og sýna það sem við erum að fást við hverju sinni. Stundum vinna nemendur með ýmis samþættuð einstaklingsverkefni eða í hóp í Kötlumíxi. Það geta verið Canva kynningar, stuttmyndir, plakköt, „hlaðvarpsþættir“ o.s.frv., eftir því hvað hentar nemendum best.

Ekki er gefið sérstakt heimanám annað en að nemendur þurfa að undirbúa umræður í tímum með því að lesa / hlusta á heima fyrir þann texta í námsbókinni sem er viðfangsefni vikunnar. Nemendur eru hvattir til að vinna sameiginlega að lausnum verkefna og vinna stundum skipulagðri hopavinnu um ákveðið viðfangsefni. Mikilvægt er að taka vikan þátt í umræðum.

Námsmat

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor.

Matstæki kennara eru virkni í umræðum, kaflapróf, annarpróf, kynningar, mat á vinnubrögð í verklegri vinnu og sjálfsmat nemenda.

Einkunnir eru gefnar í bókstöfum og umsögnum.

Námsáætlun 2025 – 2026:

Dagssetning	Viðfangsefni	Annað
25. – 29.ágúst	Lífið á jörðinni Af hverju er líf hér? Hvað er líf? Um hvað fjallar líffræði?	Verkefni 1. Lífheimurinn
1.– 5.sept.	Hvað er fruma ? Hvað er tegund? Líf finnst alls staðar Flokkun lífvera	
8. – 12.sept.	Bakteríur og veirur Gagnlegar og skaðlegar Hvað eru bakteríur? Hringrás náttúrunnar. Heilnæmar bakteríur Sjúkdómar af völdum baktería Pensílín og bóluefni. Holl og góð matvæli með bakteríum	Handaþvott Verkefni 2. Bakteríur og veirur
15. – 19.sept	Hvað er veira? Veirusjúkdómar.	Könnun1.
22. – 26.sept Erasmus+		
29.sept. – 3.okt.	Þörungar og frumdýr. Hvað eru þörungar? Plöntusvif og dýrasvif	Verkefni 3. Þörungar og frumdýr
6. – 10.okt. Starfsdagur		Skoða frumdýr í smásjá
13. – 17.okt. Dansvika		
20. – 24. okt. Foreldradagur	Sveppir og fléttur Sveppir eru mjög sérstakir- oft í sambýli. Gró og mygla Sníkjulíf og samlíf	Verkefni 4. Sveppir og fléttur

27. – 31. Okt.	Gersveppir og húðsveppir Fléttur – sveppur og þörungur	Skoða brauðmyglu í viðsjá. Könnun2.
3. - 7.nóv. Starfsdagur	Plöntur 5.1 Mosar og byrkingar	Verkefni5. Plöntur Koma með fræ til að spíra.
10. -14.nóv Kaffihúskvöld	5.2 Blómplöntur og barrtré	Gróðursetja fræ.
17. - 21.nóv	5.3 Frævun og frjóvgun	
24. – 28. Nóv Eldvarnarvika		
1.- 5.des	5.4 Frá fræi til plöntu	
8.-12.des	Mismunandi tegundir af ávöxtum.	
15. – 18.des Jólaball Litlu jól		
5. – 9.jan Starfsdagur	6.1 Veröld stórkostlegra dýra 6.2 Svampdýr og holdýr	Verkefni6. Flokkar dýra
12. - 16.jan	Dansvika	
19. - 23.jan.	6.3 Lindýr og skrápdýr	
26. – 30. Jan Þjóðlegir dagar Dansvika	6.4 ormar 6.5 Krabbadýr, áttfætlur og fjölfætlur	
2. - 6.feb Forletradagur (miðv.)	6.6 Liðdýr	
9. -13.feb	6.7 Fiskar 6.8 Froskar og skriðdýr	Krufning Fiska
16. - 20.feb 7.bekkur Reykjum	6.9 Fuglar	

Öskudagur		
23. – 27.feb		Könnun fuglar
2. – 6.mars	6.10 Spendýr	Velja spendýr að kynna.
9. -13. mars Dagur stærðfræðinnar		Vinum að canva kynning um valið spendýr.
16. - 20.mars bekkjarkvöld		Kynningar
23. – 26.mars	Árshátíð íþróttadagur	
7. – 10 apríl	7. Atferlisfræði	Verkefnablað 7.
13. – 17. apríl		
20. – 24.apríl Sumardaginn fyrsti Erasmus+ Þýskaland		
27. – 30. Apríl Verkalyðsdagurinn		
4. - 8.maí		
18. – 22.maí	Námsmat Skólaferðalag	
26. – 29.maí	Vordagar Starfsdagur Skólaslít	